

Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um  
Velferðar- og vinnumarkaðsmál

## HEILBRIGÐIS- OG LYFJAMÁL

**Hvað höfum við sagt áður?**

### Frá auka-árfundi í mars 2009

#### *Heilbrigðismál*

- Að tryggja öllum aðgengi að heilbrigðiskerfinu óháð búsetu, efnahag og félagslegri stöðu. Því er aukinni gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu hafnað.
- Sett verði hámark á þátttöku sjúklinga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja.
- Komið verði betur til móts við þá sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu um langan veg með því að niðurgreiða frekar þann kostnað sem af því hlýst þ.m.t. ferða- og dvalarkostnað.

### **Staðan í dag**

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2011 er fyrirhugaður heildar niðurskurður í rekstri heilbrigðisþjónustunnar og lyfjakostnaðar um 4,7% á komandi ári. Skera á verulega niður í rekstri heilbrigðisþjónustunnar og gera grundvallarbreytingar á þjónustu víða á landsbyggðinni.

- Verulega er dregið úr fjárveitingum til sjúkrasviða heilbrigðisstofnanna á landsbyggðinni en auknu fé varið til sjúkraflutninga til að flytja sjúklinga einkum til stóru sjúkrahúsanna á Akureyri og í Reykjavík þar sem minna er skorið niður í rekstri (0,7%).
- Í fjárlögum er lögð áhersla á að efla eigi heilsugæsluna á landsvísi sem grunnþjónustu og fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu. Til þess að það gangi eftir er nauðsynlegt að aðgengi að heilsugæslunni sé gott. Nú er víða vöntun á heimilislæknum og biðtími langur á heilsugæslustöðvum.
- Mjög hefur verið dregið úr lyfjakostnaði ríkisins undanfarið og áform eru um frekari niðurskurð á komandi ári. Lyf eru mikilvægur hluti nútíma heilbrigðisþjónustu og því er nauðsynlegt að tryggja gott aðgengi að þeim. Ekkert hámark er á greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og ljóst að sá kostnaður reynist mörgum þeim sem þurfa lyf að staðaldri þungur baggi.
- Ekkert hámark er á greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Núverandi fyrirkomulag byggir á afsláttarkorti sem takmarkast við almanaksár.
- Tannlæknaþjónusta er ólík annarri heilbrigðisþjónustu að því leiti að verðlagning tannlækna er frjálst en sjúkratryggingar endurgreiða hluta tannlækna kostnaðar fyrir börn og lífeyrisþega. Fjárhæðir endurgreiðslu vegna almennra tannviðgerða hafa nú verið nánast óbreyttar frá árinu 2003 sem í reynd þýðir aukna kostnaðarþátttöku sjúklinga.